

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Samráðsgátt, mál nr. 291/2019

Reykjavík, 9. desember 2019

Umsögn Frjálsa lífeyrissjóðsins (Frjálsa) við drög að frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna breytinga á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

Með frumvarpinu eru gerðar stærstu breytingar á réttindaákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða frá árinu 1997 sem hefur gríðarleg áhrif á uppbyggingu og rekstur lífeyrissjóða og þá valkosti sem sjóðfélagar hafa á samsetningu lífeyrissparnaðar síns. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi:

- lágmarksiðgjald hækkar úr 12% í 15,5%
- lögfesta á tilgreinda séreign
- lágmarkstryggingavernd hækkar nema sjóðfélagar velji tilgreinda séreign
- iðgjald í tilgreinda séreign til valins vörsluaðila skal fyrst greiða til samtryggingarsjóðs
- séreign af lágmarksiðgjaldi nema tilgreind séreign á að skerða lífeyri almannatrygginga
- lífeyrissjóðum verður heimilt að senda sjóðfélögum yfirlit með rafrænum hætti

Með frumvarpinu er uppfyllt loforð stjórnvalda í tengslum við viðræður þeirra við ASÍ og SA í tengslum við lífskjarasamninginn. Svo virðist sem ekki hafi verið hugað að því hvaða áhrif frumvarpið hafi á uppbyggingu og rekstur þeirra lífeyrissjóða sem standa utan samningssviðs ASÍ og SA en hrein eign þeirra sjóða eru yfir 50% af eignum lífeyrissjóða m.v. stöðu þeirra 30. september 2019 og fjöldi þeirra er 14 af 21. Hér á eftir verður gerð grein fyrir athugasemdum Frjálsa á þeim frumvarpsdrögum sem liggja fyrir. Þá er að finna samantekt á helstu athugasemdum í lok umsagnarinnar.

Lögfesting á tilgreindri séreign***Upphaf tilgreindrar séreignar***

Ákvæði frumvarpsins um lögfestingu á tilgreindri séreign hefur það markmið að sjóðfélagar allra lífeyrissjóða eigi kost á því að ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldi í séreignarsjóð. Tilgreind séreign, sem er laus til útborgunar frá 62-67 ára aldurs skv. samþykktum lífeyrissjóða, á rót sína að rekja til kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og er nú þegar í boði hjá fjölda lífeyrissjóða. Meginástæða þess að ákveðið var að hafa aðrar og þrengri útborgunarreglur en á viðbótarsparnaði er að tilgreinda séreignin átti að skerða lífeyri almannatrygginga. Koma átti í veg fyrir að sjóðfélagar gætu tekið út alla séreignina eftir 60 ára aldur, eins og mögulegt er með viðbótarsparnað, áður en kæmi að lífeyrisgreiðslum frá almannatryggingum. Nú hafa forsendur breyst. Samkvæmt frumvarpinu eiga útgreiðslur tilgreindrar séreignar ekki að skerða lífeyri almannatrygginga en það sama gildir um útgreiðslur viðbótarsparnaðar.

Mikilvægi þess að lífeyriskerfið sé einfalt

Eitt af því sem hefur þótt ámælisvert við lífeyriskerfið er flækjustig þess. Aukið flækjustig gerir fólki erfiðara um vik að skilja lífeyriskerfið. Óþarfa flækjustig gerir ákvarðanatöku flóknari, skaðar ímynd lífeyriskerfisins og dregur almennt úr áhuga á lífeyrissparnaði og tiltrú á lífeyriskerfið. Launþegum býðst nú þegar í nokkrum lífeyrissjóðum að ráðstafa hluta af lágmarksiðgjaldi í bundna séreign og frjálsa séreign en hin síðarnefnda hefur sömu útgreiðslureglur og eiginleika og viðbótarlífeyrissparnaður. Lögfesting tilgreindrar séreignar með öðrum útborgunarreglum en viðbótarlífeyrissparnaður felur í sér að lífeyriskerfið verður flóknara að



ópörfu. Engin veigamikil rök eru fyrir því að lögfesta aðrar útborgunarreglur fyrir tilgreinda séreign því fallið hefur verið frá því að hún komi til skerðingar á lífeyri almannatrygginga. Tilgreinda séreign er jafnframt hægt að nýta í húsnæðisúrræði skv. frumvarpinu líkt og gildir um viðbótarsparnað og hefur því öll einkenni hans.

3,5% iðgjald verði heimilt að greiða í viðbótarsparnað

Til að komast hjá því að auka flækjustig en ná þó því markmiði að tryggja að sjóðfélögum allra lífeyrissjóða verði heimilað að öðlast réttindi í séreign af 15,5% lágmarksiðgjaldi, væri skynsamlegra að lögfesta að þeir geti valið að 3,5% iðgjald verði ráðstafað í viðbótarlífeyrissparnað (oft kallað frjáls séreign) hjá vörsluaðila að eigin vali í stað tilgreindrar séreignar. Val um að greiða hluta af lágmarksiðgjaldi í viðbótarsparnað er nú þegar í boði hjá Lífeyrissjóði bankamanna, V-deild Brúar lífeyrissjóðs, Eftirlaunasjóði FÍA, Frjálsa lífeyrissjóðnum, Almenna lífeyrissjóðnum, Íslenska lífeyrissjóðnum, Lífeyrissjóði tannlækna og Lífsverk. Þeir þrír fyrstnefndu reka ekki séreignadeildir svo sjóðfélagar þeirra geta greitt hluta af lágmarksiðgjaldi í viðbótarsparnað hjá öðrum vörsluaðila að eigin vali.

Val um að ráðstafa 3,5% iðgjaldi í samtryggingu eða viðbótarsparnað myndi jafnframt ríma vel við áform stjórnvalda um aukinn stuðning við öflun íbúðarhúsnæðis þar sem einstaklingum býðst nú þegar að nýta viðbótarlífeyrissparnað sinn til slíks. Ennfremur og einmitt vegna úrræða stjórnvalda um nýtingu viðbótarlífeyrissparnaðar til að afla húsnæðis hefur þekking almennings á viðbótarlífeyrissparnaði og þeim úrræðum sem standa til boða aukist talsvert. Umrætt fyrirkomulag sem hér er lagt til eykur því ekki flækjustig eða veldur sjóðfélögum óþarfa óþægindum. Jafnframt er ljóst að það fylgja því kostir fyrir sjóðfélaga að fá 3,5% iðgjaldi í viðbótarlífeyrissparnað frekar en tilgreinda séreign þar sem sjóðfélagar hafa frjálst val um útgreiðslufyrirkomulag viðbótarlífeyrissparnaðar eftir 60 ára aldur í stað þess að vera bundnir við að fá sparnaðinn greiddan út með reglubundnum greiðslum á milli 62-67 ára aldurs eins og gildir um tilgreinda séreign. Greiðslur úr tilgreindri séreign á fimm árum mun einnig þýða að fjöldi sjóðfélaga mun fá mjög lágar greiðslur í hverjum mánuði sem nýtist þeim illa. Í mörgum tilvikum gæti hentað sjóðfélögum betur að taka hana út á styttri tíma. Heimildir til að taka út eingreiðslu ef um lágar fjárhæðir er að ræða breyta engu þar um.

Fyrir sjóðfélaga er best að þeir hafi val um með hvaða hætti þeir taka út séreignina því aðstæður hvers og eins eru mismunandi. Rétt er að minna á að viðbótarlífeyrissparnaður var fyrst um sinn laus til útgreiðslu frá 60-67 ára eða á lengri tíma en fallið var frá því með breytingu á lögum nr. 171/2008 einmitt með þeim rökum að greiðslur voru mjög lágar og nýttust sjóðfélögum illa. Voru útgreiðslur þá gerðar frjálsar frá og með 60 ára aldri.

Lífeyrissjóðum verði ekki gert skylt að innleiða tilgreinda séreign

Sjóðfélagar lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA geta valið um að greiða í tilgreinda séreign og hefur fjármálaráðuneytið staðfest samþykktir sjóðanna hvað þennan valkost varðar. Það þýðir að í raun þarf ekki að lögfesta tilgreinda séreign til að umræddir sjóðir geti boðið upp á hana fyrir sína sjóðfélaga. Það veur furðu að tilgreindu séreignina eigi að lögfesta og gera öðrum lífeyrissjóðum skylt að innleiða hana fyrir tugþúsundir sjóðfélaga sem fremur myndu vilja fá 3,5% iðgjaldið greitt í viðbótarsparnað. Til viðbótar mun innleiðing tilgreindrar séreignar auka flækjustig í rekstri lífeyrissjóðanna og hækka rekstrarkostnað þeirra sem hefur neikvæð áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga.

Eins og umsgagnir lífeyrissjóða utan samningssvið ASÍ og SA og eins sjóðs innan þess leiða í ljós, þá er mikil andstaða hjá þeim við að flækja uppbyggingu og rekstur sjóðanna með innleiðingu á tilgreindri séreign. Lögfesting tilgreindrar séreignar myndi raska verulega uppbyggingu sjóðanna með mismunandi hætti eftir því hvort þeir reka séreignardeildir í dag eða ekki. Sem dæmi má nefna að fyrir sjóðfélaga Frjálsa sem vildi hámarka séreignarhluta lífeyrissparnaðar síns þá þyrfti hann m.v. drög frumvarpsins að skipta 15,5% lágmarksiðgjaldi í samtryggingu, bundna séreign, frjálsa séreign og tilgreinda séreign, þ.e. í þrjár



mismunandi tegundir séreignar. Viðbótariðgjöld sjóðfélaga rynnu svo í viðbótarsparnað, þ.e. í fjórðu tegundina. Útgreiðslur úr samtryggingu, bundinni séreign og frjálsri séreign myndu skerða lífeyri TR en útgreiðslur úr tilgreindri séreign og viðbótarsparnaði myndu ekki skerða. Öllum ætti að vera ljóst flækjustigið sem ofangreint hefur í för með sér, sérstaklega gagnvart sjóðfélaga að skilja uppbyggingu á lífeyrissparnaði sínum og þegar kemur að því að sjóðfélagi þarf að ákveða með hvaða hætti hann tekur út lífeyrissparnaðinn.

Tillaga að lausn til að samræma sjónarmið hagsmunaðila

- lífeyrissjóðir hafi val um að ráðstafa 3,5% iðgjaldi í tilgreinda séreign eða viðbótarsparnað

Eins og áður hefur verið vikið að er vandséð þörfin á að lögfesta tilgreinda séreign því hún hefur nú þegar verið innleidd hjá fjölda lífeyrissjóða innan núverandi löggjafar. Auk þess flækir hún lífeyriskerfið að óþörfu og hækkar rekstarkostnað lífeyrissjóða. Ef ákveðið verður að lögfesta tilgreinda séreign samt sem áður þá er mikilvægt að lögin gefi þeim 12 lífeyrissjóðum utan samningssvið ASÍ og SA, sem ekki eru með bakábyrgð ríkisins eða sveitarfélaga, val um að bjóða sjóðfélögum að ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldi í viðbótarsparnað, í stað tilgreindrar séreignar. Með því væru umræddir sjóðir ekki þvingaðir til að stofna tilgreinda séreign og uppbyggingu á lífeyrissparnaði þeirra sjóðfélaga væri ekki raskað. Jafnframt þyrftu að vera skýr ákvæði um að 3,5% iðgjald í tilgreinda séreign eða viðbótarsparnað væru meðhöndluð með sama hætti gagnvart ákvæðum laganna um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, lágmarkstryggingavernd og lífeyri almannatrygginga til að ná núverandi markmiðum draga frumvarpsins um tekjutengingar.

Loks er æskilegt að lögin kveði á um að lífeyrissjóðum verði gert skylt að aðgreina 3,5% iðgjaldið í séreign frá annarri tegund séreignar í upplýsingarkerfum sínum þannig að ávallt liggi ljóst fyrir hvaða hluti lágmarksiðgjalds sem ráðstafað er í séreign eigi rætur að rekja til 3,5% iðgjaldsins.

Launagreiðandi greiði 3,5% iðgjald beint til annars vörsluaðila

Samkvæmt gildandi lögum er sjóðfélaga heimilt að ráðstafa 3,5% iðgjaldinu til annars vörsluaðila eða lífeyrissjóðs en þess sem tekur við samtryggingarluta iðgjalds. Samkvæmt drögum frumvarpsins ber launagreiðanda að greiða iðgjaldið fyrst til þess sjóðs sem tekur við samtryggingarluta iðgjaldsins áður en ráðstöfun til annars vörsluaðila getur átt sér stað. Lífeyrissjóði verður heimilt að taka gjald af sjóðfélaga sem hlýst af kostnaði við flutning á tilgreindri séreign til annars vörsluaðila.

Að mati Frjálsa er þetta ákvæði óþarft og felur í sér að sjóðfélagar fá lægri ávöxtun á lífeyrissparnað sinn. Rök sem hafa komið fram fyrir því að iðgjaldið eigi fyrst að greiða til samtryggingarsjóðs og þaðan greitt áfram til vörsluaðila sem sjóðfélagi hefur valið eru að tryggja að ábyrgð á innheimtu iðgjaldsins sé skýr og að koma í veg fyrir fyrir að vangreidd iðgjöld launafólks tapist. Rétt er að hafa í huga að fyrir sjóðfélaga er hagstæðast að launagreiðandi greiði 3,5% iðgjaldi beint til vörsluaðila sem sjóðfélagi hefur valið. Þannig sleppur hann við kostnað sem samtryggingarsjóður hefði ella heimildir til að taka við flutninginn á iðgjaldinu og hann fengi iðgjaldið strax í ávöxtun. Hin aðferðin, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, leiðir til þess að uppsafnaður sparnaður sjóðfélaga verður lægri en ella vegna meiri kostnaðar og þar með lægri ávöxtunar. Einnig er rétt að benda á að tillagan er í andstöðu við 2. mgr. 5. gr. laga nr. 129/1997 og 4. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 391/1998 þar sem er tekið fram að launagreiðanda eða lífeyrissjóði ber að færa greiðslu samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga til annars aðila án sérstaks kostnaðarauka fyrir sjóðfélagann.

Hér á eftir verða hrakin innheimturökin fyrir því að allt iðgjaldið skuli greiða fyrst til samtryggingarsjóðs og innheimtuferlinu lýst sem myndi eiga sér stað ef launagreiðandi greiði iðgjaldið beint til vörsluaðila án milligöngu samtryggingarsjóðs.

Með hækkun lágmarksiðgjalds úr 12% í 15,5% mun vörsluaðili séreignarsparnaðar sem tekur við 3,5% iðgjaldi bera skyldu til að innheimta vangreidd iðgjöld hafi hann vitneskju um vanskilin. Í dag hefur



Ríkisskattstjóri (RSK) árlegt eftirlit með því að sjóðfélagar greiði 12% lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð. Verði lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs lögfest í 15,5% þá mun lögbundið eftirlit með greiðslum á 15,5% lágmarksiðgjaldi, hvort heldur sem um er að ræða greiðslur í samtryggingu eða í séreign, vera í höndum RSK. Samtryggingarsjóður og vörsluaðili sem sjóðfélagi hefur eftir atvikum valið fyrir 3,5% iðgjald myndu einu sinni á ári senda RSK upplýsingar um greidd lágmarksiðgjöld sjóðfélaga fyrir liðið almanaksár. RSK hefur upplýsingar um iðgjaldsstofn sjóðfélaga skv. skattframtölum og mun ganga úr skugga um hvort sjóðfélagi hafi greitt samtals 15,5% iðgjald af iðgjaldsstofni.

Ef í ljós kemur að iðgjaldið er lægra en 15,5% þá væri heppilegasta fyrirkomulagið að RSK sendi samtryggingarsjóðnum upplýsingar um vanskilin og sjóðnum verði falið að innheimta þau. Samtryggingarsjóður hefur upplýsingar um hvort vangreidd iðgjöld eru í samtryggingarsjóðinn eða í séreignarsjóð hjá vörsluaðilanum og getur því skilað iðgjaldinu sem hann innheimtir á réttan stað. Ef samtryggingarsjóður skilar iðgjaldinu til vörsluaðilans má færa rök fyrir því að lögin ætti að heimila samtryggingarsjóðnum að innheimta gjald fyrir innheimtuna til vörsluaðilans (ekki til sjóðfélagans) því vörsluaðilinn þurfti ekki að inna af hendi kostnað við innheimtuna. Fyrir samtryggingarsjóð er miklu minni vinna að sinna innheimtu fyrir aðra vörsluaðila einu sinni á ári skv. upplýsingum frá RSK heldur en að þurfa að sinna henni með reglubundnum hætti allt árið um kring eftir því sem upplýsingar um vanskilin koma í ljós til viðbótar við innheimtu skv. RSK lista einu sinni á ári eins og núverandi drög að frumvarpinu leiða af sér.

Með vísan til framangreinds er ljóst að innheimturök fyrir því að allt iðgjaldið sé greitt fyrst í samtryggingarsjóð standast ekki. Vörsluaðili mun bera lögbundna skyldu og ábyrgð til að innheimta vangreidd 3,5% iðgjöld í séreign hafi hann vitneskju um vanskilin en auk þess mun RSK hafa eftirlit með því að samtals 15,5% iðgjald sé greitt. Loks mun Ábyrgðarsjóður launa ábyrgjast 15,5% iðgjald ef launagreiðandi verður gjaldprotta svo lítil áhætta er á að vangreidd iðgjöld sjóðfélaga tapist. Greiðslur launagreiðenda beint til valins vörsluaðila stuðlar að skilvirkum iðgjaldaskilum og að hámarka uppsafnaðan lífeyrissparnað sjóðfélaga.

Til viðbótar við ofangreint hafa komið fram spurningar um hvort að skylda til að greiða iðgjalds fyrst í samtryggingarsjóð rúmist innan reglna samkeppnisréttar sem heyra undir skuldbindingar Íslands skv. EES samningnum.

Óþarfa ákvæði um útborgunarreglur tilgreindrar séreignar ef greidd til annars vörsluaðila

Með frumvarpinu er áréttað að sjóðfélagar geta ráðstafað séreignariðgjaldi til annars vörsluaðila en þess sjóðs sem tekur við lágmarksiðgjaldi til samtryggingar. Skilyrði er að sömu reglur gildi um útborgun tilgreindrar séreignar og gilda myndu í þeim lífeyrissjóði sem sjóðfélaginn greiðir samtryggingarhluta iðgjaldsins til. Þar sem vörsluaðilar þurfa að halda tilgreindri séreign aðskilinni í réttindakerfum og útborgunartími hennar er skilgreindur í lögum er óþarft að hafa skilyrði um að útborgun þurfi að fylgja reglum lífeyrissjóðs sem tekur við iðgjöldum í samtryggingu.

Uppsöfnuð frjáls séreign skerði ekki lífeyri almannatrygginga

Samkvæmt frumvarpinu á frjáls séreign sem myndast af lágmarksiðgjaldi að skerða lífeyri almannatrygginga en ekki séreign af viðbótarsparnaði. Tilgangurinn er sá að jafna skerðingaráhrif lágmarksiðgjalds vegna lífeyris almannatrygginga. Þar sem frjáls séreign af lágmarksiðgjaldi og séreign af viðbótariðgjaldi hefur verið blandað saman hjá lífeyrissjóðum og vörsluaðilum í fortíðinni er ekki unnt að gera greinarmun á þessum sparnaði. Lífeyrissjóðir og vörsluaðilar lífeyrissparnaðar fóru að lögum og aðgreindu ekki séreign sem myndast af lágmarksiðgjaldi og viðbótarlífeyrissparnaði í réttindakerfum. Í framkvæmd mun þetta leiða til ójafnræðis og misréttis á milli sjóðfélaga. Í fjölda tilvika er veruleg hætta á að útgreiðslur viðbótarsparnaðar muni skerða lífeyri almannatrygginga sem er andstætt núverandi lögum og ákvæðum frumvarpsins. Því er



mikilvægt að frjáls séreign af lágmarksiðgjaldi sem eingöngu er greidd eftir gildistöku laganna skerði lífeyri almannatrygginga til framtíðar enda verði gerð krafa um að iðgjöldin utan um slíka séreign verði aðgreind í kerfum lífeyrissjóða og vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Eldri frjáls séreign af lágmarksiðgjaldi verði aftur á móti ekki látin skerða lífeyri almannatrygginga.

Áhrif viðbótarmótframlaga launagreiðenda umfram 11,5% á lífeyri almannatrygginga

Samkvæmt drögum frumvarpsins eiga útgreiðslur úr tilgreindri séreign og séreignarsparnaði á grundvelli viðbótariðgjalds skv. lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða ekki að skerða lífeyri almannatrygginga. Í greinargerð með frumvarpinu kemur eftirfarandi fram:

„ Með viðbótariðgjaldi er átt við iðgjald umfram lífeyrisiðgjald skv. 1. mgr. 2. gr. laganna. Viðbótariðgjald takmarkast við 4% framlag réttihafa af iðgjaldsstofni, sbr. 4. og 5. tölul. A-liðar 30. gr. laga um tekjuskatt, og 2% mótframlag launagreiðanda af iðgjaldsstofni.“

Hér er um nýja skilgreiningu að ræða á viðbótariðgjaldi. Í reglugerð 698/1997 er viðbótariðgjald skilgreint sem “iðgjald umfram lágmarksiðgjald”. Mikilvægt er að eyða misræmi á milli skilgreiningar á viðbótariðgjaldi í greinargerðinni og reglugerðinni. Samkvæmt reglugerðinni falla undir skilgreininguna “viðbótariðgjald” m.a. öll viðbótarmótframlög launagreiðanda í séreignarsjóð, umfram 11,5% mótframlag samkvæmt fjölda kjarasamninga sem eru óháð því hvort sjóðfélagi velji að greiða sjálfur 2-4% af launum í viðbótarsparnað. Því er óljóst skv. drögum frumvarpsins og með hliðsjón af greinargerðinni og reglugerðinni hvort að útgreiðslur séreignar af fyrrnefndum viðbótarmótframlögum skerði lífeyri almannatrygginga. Einnig er óljóst hvernig fara á með útgreiðslur slíkra viðbótarmótframlaga gagnvart lífeyri almannatrygginga, sem koma úr svokölluðum lífeyristryggingum þýsku líftryggingafélaganna Allianz og Bayern sem tugþúsundir sjóðfélaga hafa valið að greiða í.

Til að tryggja jafnræði einstaklinga er mikilvægt að lögin kveði á um að útgreiðslur vegna viðbótarmótframlaga launagreiðenda umfram 11,5% hafi sömu skerðingaráhrif gagnvart lífeyri almannatrygginga, hvort sem útgreiðslur koma úr lífeyristryggingu þýsku félaganna eða séreignarsparnaði innlendra vörsluaðila.

Hækkun iðgjalds í 15,5% og hækkun lágmarkstryggingaverndar

Mikilvægt er að greint verði ítarlega hvort þörf sé á því að lögfesta svo mikla hækkun lágmarksiðgjalds með hliðsjón af þörfum einstaklinga á lífeyri eftir starfslok. Ekki liggur fyrir heildstæð greining á því hvert sé æskilegt lágmarksiðgjald fyrir starfandi einstaklinga. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að hækkun lágmarksiðgjaldsins leiðir til þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar þurfa að greiða sjálfum sér 29% hærra iðgjald í lífeyrissjóð og þar með hærra tryggingagjald, því mótframlag launagreiðanda myndar stofn til tryggingagjalds. Í umsögn Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) við áform um lagasetninguna kemur fram að áformin munu hafa áhrif til hækkunar á iðgjöldum 50 þúsund einstaklinga sem ekki hafa samið um hækkunina í kjarasamningi, þ.m.t. sjálfstæðra atvinnurekenda en skv. umsögn SA við áformin eru þeir 23.900 talsins.

Að sama skapi þarf að greina þörfina fyrir að hækka lágmarksréttindaávinnslu úr 1,4% á ári í 1,8% en hún hefur verið 1,4% frá árinu 1997. Engin rök hafa verið gefin fyrir þessari hækkun sem felur í sér að hjá mörgum lífeyrissjóðum mun hluti lágmarksiðgjald í samtryggingu hækka en í séreign lækka nema sjóðfélagi ráðstafar iðgjaldi í tilgreinda séreign. Í þeim tilvikum er gefin „afsláttur“ af lágmarkstryggingaverndinni sem styður þá skoðun að í raun er óþarfi að hækka hana.



Víðtækari fjárfestingarheimildir gildi um tilgreinda séreign

Samkvæmt frumvarpinu eiga fjárfestingarheimildir lágmarkstryggingaverndar að gilda um tilgreinda séreign. Þær heimildir eru strangari en þær sem gilda um viðbótarsparnað og eru rökin þau að um skylduiðgjald er að ræða en ekki valfrjálsan viðbótarsparnað. Rétt er að hafa í huga að í séreignarsjóði geta sjóðfélagar valið um misáhættumiklar fjárfestingarleiðir en slíkt val er ekki fyrir hendi í samtryggingarsjóði. Sjóðfélagar ráða því sjálfir áhættustiginu í séreign en þar sem þeir ráða því ekki í samtryggingunni þá má færa fyrir því rök að meiri þörf sé á að takmarka áhættu lífeyrissjóða til fjárfestinga í samtryggingardeildum. Í þeim tilvikum sem sjóðfélagar velja enga leið þá er iðgjöldum yfirleitt ráðstafað í leið sem er með áhættu sem hæfir aldri sjóðfélaga.

Því er óþarfi að láta strangari fjárfestingarheimildir gilda um tilgreinda séreign en um viðbótarsparnað. Fyrir sjóðfélaga og lífeyrissjóði væri til mikillar einföldunar að samræma fjárfestingarheimildir allra tegunda séreignar.

Rafræn birting greiðsluyfirlita

Frjálsi er sammála áformum stjórnvalda um að heimila lífeyrissjóðum að birta sjóðfélögum greiðsluyfirlit með rafrænum hætti í stað þess að senda þau með bréfpósti. Með því er tilhögun á birtingu yfirlita færð í nútímalegt horf og lífeyrissjóðir spara töluverða fjármuni sem skilar sér í hærri ávöxtun til sjóðfélaga.

Gildistöku frumvarpsins verði frestað og samráð verði haft við hagsmunaðila

Samkvæmt frumvarpinu skulu breytingar á lögum taka gildi 1. janúar 2020. Verði frumvarpið samþykkt er tími til aðlögunar alltof stuttur en lífeyrissjóðir þurfa tíma til að boða til aukaársfunda, breyta samþykktum og upplýsingatækniferfum. Lagt er til að lagabreytingar sem snúa að útsendingu yfirlita til sjóðfélaga taki gildi 1. janúar 2020 en að aðrar lagabreytingar taki gildi í fyrsta lagi 1. janúar 2021 eftir ítarlega aðkomu allra hagsmunaðila en ljóst er skv. þeim umsögnum sem hafa verið birtar að mikið hefur skort á samráð við gerð frumvarpsins.

Samantekt á athugasemdum

- Lögfesting tilgreindrar séreignar eykur flækjustig lífeyriskerfisins að óþörfu. Fyrir sjóðfélaga er betra að þeir hafi val um að ráðstafa 3,5% iðgjaldi í viðbótarsparnað sem hefur rýmri útborgunarglur og fjárfestingarheimildir en tilgreind séreign. Ef ákveðið verður samt sem áður að lögfesta tilgreinda séreign er mikilvægt að lífeyrissjóðum utan samningsviðs ASÍ og SA verði ekki gert skylt að stofna tilgreinda séreign fyrir sína sjóðfélaga heldur hafi val um að bjóða þeim að ráðstafa 3,5% iðgjaldi í viðbótarsparnað.
- Með hækkun lágmarksiðgjalds í 15,5% mun vörsluaðili séreignarsparnaðar sem tekur við 3,5% iðgjaldi í séreign bera ábyrgð á innheimtu vangreiddra iðgjalda. Jafnframt mun RSK hafa eftirlit með að 15,5% lágmarksiðgjald sé greitt fyrir hvern sjóðfélaga. Loks ber Ábyrgðarsjóður launa ábyrgð á vangreiddu 15,5% iðgjaldi í þeim tilvikum sem launagreiðendur verða gjaldþrota. Því er óþarft að 3,5% iðgjald í séreign sé fyrst greitt til samtryggingarsjóðs og þaðan flutt til vörsluaðila með heimild til að taka kostnað af sjóðfélaga við flutninginn. Mikilvægt er að lögin kveði á um að launagreiðandi greiði 3,5% iðgjaldið beint til valins vörsluaðila til að minnka kostnað sjóðfélaga og hámarka uppsafnaðan lífeyrissparnað hans.
- Þar sem uppsöfnuð frjáls séreign hefur blandast viðbótarsparnaði í lífeyriskerfum lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar er mikil hætta á því að útgreiðsla viðbótarsparnaðar valdi skerðingu á lífeyri almannatrygginga sem er í andstöðu við ákvæði laganna. Nauðsynlegt er að skerðing útgreiðslna frjálsrar séreignar gildi eingöngu um iðgjöld sem eru greidd eftir gildistöku laganna.



- Rétt er að fella niður skilyrði um að sömu reglur gildi um útborgun tilgreindrar séreignar og gilda myndu í þeim lífeyrissjóði sem sjóðfélaginn greiðir samtryggingarhluta iðgjaldsins enda eru útborgunarreglurnar skilgreindar í frumvarpinu.
- Eyða þarf misræmi á skilgreiningu á viðbótariðgjaldi í reglugerð og greinagerð frumvarpsins. Skýra þarf áhrif útgreiðslna á viðbótarframlögum launagreiðenda umfram 11,5% á lífeyri almannatrygginga og að jafnræði gildi um skerðingarreglurnar hvort sem iðgjöld eru greidd í séreign eða lífeyristryggingar þýsku félaganna Allianz og Bayern.
- Mikilvægt er að gerð verði ítarleg greining á þörfinni á að hækka lágmarksiðgjald úr 12% í 15,5%, eða 29%, og að hækka lágmarksréttindaávinnslu úr 1,4% á ári í 1,8% áður en ákveðið verði að lögfasta hækkunina.
- Þar sem sjóðfélagar geta valið um misáhættumiklar fjárfestingarleiðir fyrir séreignarsparnað er óþarfi að láta strangari fjárfestingarheimildir gilda um tilgreinda séreign. Það væri til mikillar einföldunar fyrir lífeyrissjóði og sjóðfélaga að samræma fjárfestingarheimildir fyrir allar tegundir séreignar.
- Tekið er undir að heimila lífeyrissjóðum að senda sjóðfélögum yfirlit með rafrænum hætti og að slík heimild taki gildi frá og með 1. janúar 2020.
- Lagt er til að gildistöku frumvarpsins verði að öðru leyti frestað til 1. janúar 2021 og ekki lagt fram fyrir en að undangenginni aðkomu allra hagsmunaðila.

F.h. Frjálsa Lífeyrissjóðsins

Arnaldur Loftsson,
framkvæmdastjóri

